

Grindavíkurbær  
Ingvar Þór Gunnlaugsson,  
forstöðumaður  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
13 FEB. 2009
54. 22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 6. febrúar 2009  
Tilvísun: UST20081200052/bs


### Aðalskipulagsbreyting og matsskýrsla vegna Vatnskarðsnáma. Umsögn

Vísað er til bréfs tæknideildar Grindavíkurbæjar dags. 3. desember 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar varðandi ofangreinda aðalskipulagsbreytingu og matsskýrslu. Umhverfisstofnun telur að afmörkun námunnar eigi að taka mið af því hvernig námusvæðið verði best fellt að öröskuðu landi utan námunnar. Með þessu er átt við að efnistakan verði felld eins og kostur er að lögum þeirrar jarðmyndana sem efnistakan fer fram í. Afmörkun framngreindrar námu gengur þvert á lögum jarðmyndana. Þar sem náman er staðsett innan fólkvangs sbr. auglýsingu nr. 520/1975 um fólkvang á Reykjanesi er afar mikilvægt að draga úr sjónrænum áhrifum eins og kostur er þar sem svæðið er sérstaklega ætlað til útivistar og almenningsnota. Í framangreindri auglýsingu er gert ráð fyrir að námurekstur sem rekinn er innan fólkvangsins geti haldið sér enda sé hann skipulegur og ákvæða laga um frágang námusvæðis gætt sjá nú VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að afmörkun námunnar á aðalskipulagi skuli vera í samræmi við ofangreind sjónarmið.

**Matsskýrsla:** Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar segir um tilgang umhverfismats áætlana: *"að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og tryggja aða tekið sé tillit til umhverfisáhrifa."* Umhverfisstofnun telur að umfjöllun í umhverfisskýrslu vegna Vatnskarðsnáma sé ekki í samræmi við ofangreind sjónarmið. Niðurstaða matsskýrslu virðist ekki taka mið af því að námurnar eru á verndarsvæði. Efnistakan mun hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér vegna áhrifa á landslag. Ekki á að vera unnt að eyða þeim áhrifum eins og gert er í matsskýrslu með samanburði við aðra og óskýlda umhverfisþætti.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri